

# Auglýsing um deiliskipulag á Seltjarnarnesi

Bæjarstjórn Seltjarnarness auglýsir hér með til kynningar tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóð Lækningaminjasafns við Nesstofu skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

## **Afmörkun**

Skipulagssvæðið afmarkast til norðurs, vesturs, austurs og suðurs af svæði skilgreindu sem svæði fyrir þjónustustofnanir/ opið svæði til sérstakra nota í Aðalskipulagi Seltjarnarness 2006 - 2024, við Nesstofu og Lyfjafræðisafn.

## **Markmið**

Markmið með tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóð Lækningaminjasafns eru að:

- Skilgreina lóð Lækningaminjasafnsins.
- Breyta og stækka byggingarreit Lækningaminjasafnsins.
- Auka byggingarmagn Lækningaminjasafnsins ofanjarðar.
- Heimila byggingu kjallara á einni hæð undir Lækningaminjasafninu.
- Þá er gerð grein fyrir fyrirkomulagi bílastæða innan skipulagssvæðisins.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan verður til sýnis á bókasafni Seltjarnarness, Eiðistorgi 11, 2.hæð frá 14. mars til og með 25. apríl 2008. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu bæjarfélagsins, [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is).

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skriflegum athugasemdum ef einhverjar eru skal skilað á bæjarskrifstofu Seltjarnarness, Austurströnd 2, eigi síðar en 25. apríl 2008. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykka tillöguna.

## **Skipulagsfulltrúinn á Seltjarnarnesi**



SELTJARNARNESBÆR